

# SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLANS LÆKJARBREKKU



# Skólanámskrá leikskóla

## Efnisyfirlit

Leikskólinn Lækjarbrekka	3
Skólanámskrá Lækjarbrekku	4
Hugmyndafræði Lækjarbrekku	6
Megin áherslupættir	6
Læsisstefna	6
Grænfánaskóli	7
Umhverfisstefna	7
Vinátta	8
SOS barn	9
Grunnpættir menntunar	10
Læsi og samskipti	10
Samverustundir	11
Hópastarf	11
Málrækt	12
Heilbrigði og vellíðan	12
Matartími	12
Sjálfsbjörg	13
Hreyfing	13
Sjálfbærni og vísindi	13
Vettvangsferðir og útivera	14
Sköpun og menning	14
Jafnrétti	14
Námsumhverfi	15
Snemmtæk íhlutun	15
Kennsluaðferðir fyrir börn með frávik	17
Tákn með tali	17
PECS – (picture exchange communication system)	17
Sjónrænt skipulag	17
Heildstæð atferlisþjálfun	18
Sérfræðiþjónusta	19

Mat á leikskólastarfi	19
Sjálfsmat – Innra mat	20
Mat á stöðu leikskólabarna	20
TRAS – skráning á málþroska ungra barna	20
Orðaskil – Málþroskapróf	21
Hljóm-2	21
Ytra mat	21
Fjölskyldan og leikskólinn	21
Foreldrasamstarf	21
Upphaf leikskólagöngu	22
Foreldrasamstarf og samskipti milli leikskóla og heimilis	22
Foreldrafundir, samtöl og viðburðir	23
Foreldrafélag og foreldraráð	23
Tengsl skólastiga	24
Skil á milli leikskóla	25

## Leikskólinn Lækjarbrekka

Á sjötta áratug síðustu aldar var farið að huga að dagvistun fyrir börn undir grunnskólaaldri á Hólmavík. Starfið fyrstu áratuginna fór fram á ýmsum stöðum. Fyrst var það í formi gæslu á leikvelli við Braggann, en síðar komst starfið undir þak - fyrst í kjallara Sýslumannshússins, síðan í sláturhúsinu og loks í kennslustofu í Grunnskólanum á Hólmavík, en þar var hann starfræktur sem síðdegisdeild. Í maí árið 1983 gaf Menntamálaráðuneytið Hólmavíkurbreppi leyfi til að hefja framkvæmdir við nýbyggingu leikskóla, en þá hafði félag áhugafólks um dagvistunarmál í nokkur ár unnið að undirbúningi í samráði við hreppsnefnd.



Sumarið 1985 var hafist handa við byggingu leikskóla við Brunngötu 2, ofan á grunni félagsheimilis sem byrjað var að reisa árið 1957 en náðist aldrei að klára. Byggt var eftir raðteikningu arkitektanna Guðmundar Kr. Guðmundssonar og Ólafs Sigurðssonar sem margir íslenskir

leikskólar höfðu tekið mið af. Nýja leikskólabyggingin á Hólmavík var ein minnsta einingin sem var reist eftir þessari forskrift, eða um 115 m<sup>2</sup>. Nær allir verkþættir voru unnir af fyrirtækjum og verktökum á Hólmavík.

Nýi leikskólinn var orðinn fokheldur árið 1986 og starfsemi í honum hófst síðan formlega mánudaginn 31. október 1988. Daginn áður var haldin lítil opunarhátíð þar sem hægt var að skoða bygginguna. Á sama tíma var tekin í notkun afgirtur leikvöllur með leiktækjum; sandkassa, vegasalti, rólum, rennibraut o.fl. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt teiknaði lóðina. Leikskólinn var strax fullsetinn, en 17 börn voru í vistun fyrir hádegi og sami fjöldi eftir hádegi. Alls voru því 34 börn í skólanum strax á fyrsta starfsári.

Leikskólanum var gefið nafnið Lækjarbrekka árið 1997. Sumarið 2002 hófust langþráðar framkvæmdir við stækkun húsnæðisins um helming, en fjöldi barna við nám í skólanum hafði þá fyrir löngu verið orðinn of mikill miðað við stærð hússins. Í ágúst árið 2003 var tekið í notkun hið nýja rými, en leikskólabyggingin var þá samtals orðin 227m<sup>2</sup>.

Sveitarfélagið Hólmavíkurhreppur rak leikskólann við Brunngötu allt frá upphafi, en síðar kom Kirkjubólshreppur að rekstrinum sem var þá sameiginlegur með tilliti til fjölda barna. Börn úr Broddaneshreppi, þ.e. úr Kollafirði, fengu einnig pláss í skólanum.

Í dag hafa öll þessi sveitarfélög verið sameinuð og leikskólinn er því rekinn af sveitarfélaginu Strandabyggð. Málefni leikskólans falla undir fræðslunefnd.

Haustið 2007 var byrjað að taka inn eins árs börn svo að nú eru nemendur leikskólans á aldrinum eins til sex ára. Deildir leikskólans eru tvær og heita þær *Dvergakot* og *Tröllakot*. Í Tröllakoti dvelja yngstu börnin og í Dvergakoti hafa eldri börnin sitt aðsetur. Á árunum 2016-2017 var leikskólinn stækkaður umtalsvert með nýrri viðbyggingu.

Í janúar 2018 var byrjað að taka inn börn frá 9 mánaða aldri.

## Skólanámskrá Lækjarbrekku

Skólanámskrá Lækjarbrekku byggir á lögum og reglugerðum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla sem Menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 ásamt stefnu og framtíðarsýn Strandabyggðar í fræðslumálum. Samkvæmt lögum um leikskóla nr 78/1994 bera sveitarfélögin megin ábyrgð á rekstri leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla tekur til ýmissa ákvæða í leikskólastarfinu er varða húsnæði, búnað og útisvæði, starfsfólk og barnafjölda, samstarf leikskóla og foreldra og ýmislegt fleira. Bæði lög um leikskóla og *Aðalnámskrá leikskóla* er að finna á netinu. [Lög um leikskóla](#) og [Aðalnámskrá leikskóla](#). Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu og þar með fyrsti skóli barnsins, þar fer fram uppeldi og menntun, orðið menntun er notað í merkingunni eins og umönnun, uppeldi, nám og kennsla.

Vinna og mótun skólanámskrár var í höndum stjórnenda með aðkomu starfsfólks og foreldraráðs í samvinnu við ráðgjafa frá Ásgarði ehf. Viðfangsefnin voru unnin út frá grunnþáttum menntunar eins og þau birtast í Aðalnámskrá leikskóla. Samhliða vinnu við aðalnámskrá leikskólans voru unnar deildarnámskrár fyrir hvora deild fyrir sig sem innihalda markmið, leiðir og hugmyndir fyrir kennara til að vinna með námssviðin á markvissan og faglegan hátt.

Grunnþættirnir menntunar eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í íslensku skólastarfi og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarf. Þessir þættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Hugmyndirnar að baki



grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Í Aðalnámskrá leikskóla er áhersla á gildi leiksins, lýðræði og jafnrétti í skólastarfi. Leikskólinn er fyrsta skólastig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Í Lækjarbrekku er sérstök áhersla lögð á leikinn, læsi, umhverfi og hreyfingu.

Áhersla er lögð á:



- að barnið sé virkt og skapandi í leik, vinni út frá sinni eigin reynslu og áhuga, læri að prófa sig áfram.
- að barnið læri félagsleg samskipti við börn og fullorðna.
- að barnið sýni samkennd, ábyrgð og hjálpsemi.
- að barninu sé veitt ögrandi og fjölbreytt verkefni til að auka vitneskju og þroska þess.
- að barnið þroski með sér góða sjálfsmynd og öryggi.
- að barnið kynnist nánasta umhverfi leikskólans og dýralífi, læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og íbúum þess.
- að traust og góð samvinna ríki á milli heimilis og skóla.

Einkunnarorð Lækjarbrekku eru gleði, virðing og vinátta.

Gleði: Það er gaman að læra í gegnum leik.

Virðing: Við berum virðingu fyrir hvert öðru og berum virðingu fyrir leiknum og eigum annarra.

Vinátta: Við erum vinir og erum góð hvert við annað



Hvor deild hefur sínar ákveðnu áherslur í starfi með barnahópnum og birtast þær í deildarnámskrám:

Deildarnámskrá Dvergakots má sjá [hér](#)

Deildarnámskrá Tröllakots má sjá [hér](#)

## Hugmyndafræði Lækjarbrekku

Í Lækjarbrekku er leikurinn þungamiðjan, í gegnum leikinn er verið að örva og efla þroskapætti eins og tilfinningaþroska, siðgæðisþroska, félagsþroska, vitsmunþroska, félagsvitund, líkams- og hreyfiþroska.

Hugmyndafræði leikskólans byggir á hugmyndum bandaríska heimspekingsins og sálfræðingsins John Dewey um nám í gegnum reynslu eða „learning by doing“. Hann taldi að fyrri reynsla barnsins verði til þess að það byggi upp þekkingu sína. Leikurinn er leið barns til að vinna úr tilfinningum og finna áhugasvið sitt. Hugmyndafræði Dewey byggir á kenningum Lev S. Vygotsky um „svæði hins mögulega þroska“, bilið milli þroska og getustigs barns sem það öðlast sjálf og þess sem það getur náð með aðstoð annarra. Vygotsky setti fram þrjú atriði sem gera leikinn mikilvægan fyrir barnið.

Fyrst er að nefna að leikurinn er leið barnsins til óhlutbundinnar hugsunar. Að öðru leyti lærir barnið í gegnum leikinn félagslegar reglur sem ríkja í umhverfinu og í þriðja lagi lærir það sjálfstjórn. Leikurinn er þannig meginuppspretta fyrir alhliða þroska barna.



Vygotsky lagði einnig áherslu á mikilvægi fullorðinna og eldri barna í námi þeirra yngri og taldi að vitrænn þroski örvaðist í samskiptum við þroskaðri einstaklinga.

Uppeldisstefna Lækjarbrekku byggir á Jákvæðum aga, þar sem góðvild og festa eru höfð að leiðarljósi. Stefnt er að því að efla innri hvöt barnanna til að standa sig vel og koma vel fram við önnur börn og starfsfólk. Stefnan felur í sér að nota hrós og hvatningu á viðeigandi hátt sem hvata og umbun fyrir það sem vel er gert. Virðing einkennir samskipti og að starfsfólk kenni börnunum virðingu með virðingu. Mikilvægt er að barn upplifi góðvild af hálfu starfsfólks og að það finni að hagmunir þess eru alltaf hafðir að leiðarljósi.

## Megin áhersluþættir

### Læsisstefna

Lækjarbrekka tók þátt í tveggja ára þróunarverkefni um Málþroska og læsi - færni til framtíðar á árunum 2015-2017 í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing og leikskólann

á Húnavöllum og leikskólana í Austur- og Vestur Húnavatnssýslu. Í tengslum við það verkefni voru haldin námskeið er varðar snemmtæka íhlutun í málörvun leikskólabarna ásamt því að farið var yfir mikilvæga verkferla er tengjast forvarnarstarfi fyrir læsi. Ásthildur Bj. heimsótti auk þess leikskólana, mat stöðu verkefnisins í hverjum leikskóla fyrir sig, fylgdi eftir þeirri fræðslu sem hún hafði lagt inn og fór yfir stöðu námsefnis í hverjum skóla. Þá fylgdist hún með málörvunarstundum, var með sýnikennslu og veitti ráðgjöf. Í Lækjarbrekku er unnið áfram eftir þeim línunum sem lagðar voru í þróunarverkefninu, lagðar eru fyrir skimanir til að meta málþroskastöðu barnanna og námsefnið Lubbi finnur málbein er markviss þáttur í starfi skólans.

### Grænfánaskóli

Leikskólinn Lækjarbrekka hefur tekið þátt í Grænfánaverkefni Landverndar (Skólar á grænni grein) frá árinu 2014.



Leikskólinn hlaut grænfána 1 vorið 2015 og vorið 2017 fékk leikskólinn grænfána 2 sem þýðir að við höfum staðið okkar plikt sem umhverfisleikskóli. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á að samþætta skólanámskrá og umhverfismál og vinna þannig að bættum umhverfisþáttum í leikskólanum, sem vonandi skilar sér út í samfélagið. Lesa má

nánar um Grænfánaverkefnið á vef [landverndar http://graenfaninn.landvernd.is/](http://graenfaninn.landvernd.is/). Leikskólinn Lækjarbrekka var sameinaður með Grunn- og tónskóla Hólmavíkur áramótin 2020 og síðan þá hefur sameinaður skóli unnið að sameiginlegum grænfána. Þann fána fengum við á haustmánuðum 2021 fyrir Átthaga, nærumhverfi og sköpun úr náttúrulegum efnivið. Þau þemu sem Lækjarbrekka hefur unnið með eru; úrgangur, orka og endurvinnsla ásamt átthögum og náttúrulegum efnivið til sköpunar.

### Umhverfisstefna

Leikskólinn Lækjarbrekka er þátttakandi í verkefninu „Skólar á grænni grein“, það er alþjóðlegt verkefni sem er á vegum Foundation for Environmental Education, Landvernd er aðili að þessum samtökum og hefur umsjón og eftirlit með verkefninu hér á landi. Leikskólinn



Lækjarbrekka hefur náð þriðja áfanga. Börnin í leikskólanum eru að vinna í aukinni menntun og þekkingu á náttúrunni, umhverfinu og umgengni. Bætt umgengni, flokkun, moltugerð og orka eru þau atriði sem tekið hefur verið fyrir enn sem komið er. Unnið verður áfram á þeirri braut ásamt því að taka inn önnur áhersluatriði hjá Landvernd.

Þegar leikskólinn fór í verkefni tengt Grænfánanum var samið lag fyrir leikskólann sem kennir börnunum að meta nærumhverfi sitt og bæinn sinn Hólmavík.

Lag Lækjarbrekku

(texti sunginn við „You are my sunshine“)

„Það er svo gaman á Lækjarbrekku  
að vinna saman og flokka sorp.

Þá verður Hólmavíkin okkar  
miklu betra og fallegra þorp.“

Höf. texta. Steinunn M. Eysteinsdóttir

Við áframhaldandi vinnu á grænfánamarkmiðum bættum við erindi í umhverfissáttmálann og er það svo hljóðandi:

„Við förum oft út í göngutúra

Við sjáum Braggann og brunninn Seyð

Förum í Kópnes og upp í Borgir

Í göngutúr erum aldrei leið

Höf texta. Barbara Ósk Guðbjartsdóttir (2021)



### Vinátta

Í Lækjarbrekku er unnið með forvarnarverkefnið Vinátta - Fri for mobberi. Markmið verkefnisins er að:

- Koma í veg fyrir og minnka einelti í leikskólum og skólum.
- Starf skólans, áætlanir og viðhorf tryggi börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.
- Þróa nýjar aðferðir og verkfæri til forvarnar fyrir leikskóla og yngstu bekkji grunnskóla.
- Stuðla að rannsóknum á einelti





Í verkefninu er áhersla lögð á á þátttöku foreldra og að hinir fullorðnu, starfsfólk og foreldrar, séu góðar fyrirmyndir barnanna. Sérstaklega er hugað að viðkvæmum börnum og minnihlutahópum og foreldrum þeirra. Vinátta byggist því á að efla styrkleika hvers einstaklings, byggja upp jákvæð samskipti og góðan skólabrag. Stríðni og einelti þekkist hjá börnum í leikskólum allt frá þriggja ára aldri “ þú mátt ekki vera með í

leiknum,...ég vil ekki leiða þig...”. Í Lækjarbrekku teljum við mikilvægt að takast á við og fyrirbyggja slíkt og búa börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast. Ábyrgðin er okkar hinna fullorðnu að jarðvegur skapist ekki fyrir einelti, tryggja í barnahópnum góðan félagsanda, skólabrag og samkennd, margbreytileikinn sé virtur og að vera góð fyrirmynd í orði og verki. Í tengslum við stefnu gegn einelti vinnur Lækjarbrekka með [Blæ bangsa](#) sem er verkefni Barnaheilla í forvörnum gegn einelti.

### SOS barn

Leikskólinn Lækjarbrekka er [Sólblómaleikskóli](#). Sólblómaleikskólar eru samstarfsverkefni milli leikskóla á Íslandi og SOS barnaporpanna. Börnin í leikskólanum fá tækifæri til að kynnst og fá fræðslu um aðra menningarheima. Lækjarbrekka stíður við og styrkir Vanessu sem er frá Zimbabwe. Börnin fá árlega fréttir af Vanessu auk þess sem við höldum Vanessuhátíð í tengslum við dag mannréttinda barna í nóvember. Þar bjóða börnin til opins húss í leikskólanum, segja gestum nýjustu fréttir af Vanessu, syngja nokkur lög og bjóða upp á veitingar og varnig til sölu. Allur söluágóði rennur í árgjald til styrktar Vanessu. SOS á Íslandi senda þar að auki öllum sólblómaleikskólum fræðsluefni árlega og er það notað sem fræðsluefni með börnunum í leikskólanum. Þetta er frábær leið til að efla þroska og víkka sjóndeildarhring barnanna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.



## Grunnþættir menntunar

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011 eru sex grunnþættir menntunar lagðir til grundvallar í öllu skólastarfi. Þeir eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Grunnþættirnir fléttast inn í allt leikskólastarfið. Þeir snúast um læsi á



samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega og bjarga sér í samfélagi með öðrum. Grunnþættirnir eru settir fram til að leggja áherslu á annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar á markmið sem varðar menntun sérhvers einstaklings. Mikilvægt er að skipuleggja skólastarfið þannig að börn læri að tengja saman viðfangsefni og að þau sjái þannig tilgang í því starfi sem fram fer í skólanum.

Sá skilningur sem lagður er í grunnþættina á að vera rúmur og þeir samtvinnaðir hver öðrum og skólastarfinu öllu. Starfshættir innan skólans eiga að fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé að gera börn hæf til að spjara sig í daglegu lífi og efla getu þeirra og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Hlutverk kennara er að taka frumkvæði að breytingum á skólastarfi og stuðla að því að börn verði þar virkir þátttakendur. Þannig miðar almenn menntun að því að efla hæfni barna til að leysa hlutverk sín í samfélagi nútímans en hæfni byggir fyrst og fremst á þekkingu þeirra og leikni.

### Læsi og samskipti

Þegar börn læra að tala eru margir þættir sem þau þurfa að ná tökum á: mynda hljóð, læra orð, læra að beygja þau og setja í rétta röð. Þau þurfa að læra að nota málið á þann hátt sem þykir eðlilegt í því umhverfi og samfélagi sem þau fæðast inn í. Á leikskólaárunum er í smíðum mikilvægur grunnur læsis sem síðan færast í brennidepil skólastarfs eftir að grunnskólanám byrjar.

Læsi er víðtækara hugtak en orðið segir til um og nær allt frá mannlegum samskiptum til stafræns læsis.

„Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“.

Lestur er ofinn úr mörgum þráðum sem hver um sig myndar sterka stoð að ævilangri færni. Ef breistir eru í undirstöðunni koma göt í vefinn. Læsi hefst í leikskóla og eru margvíslegar leiðir til til þess að efla það.

### Samverustundir

Barn á að fá margvísleg tækifæri til að njóta samverustunda í ró og næði og gleðjast með öðrum, samvera í hóp eykur samkennd barna og eykur hæfni þeirra til tjáskipta. Í



samverustundum gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnsins, njóta samræðna sem byggja á opnum spurningum og virkri hlustun og hvetja það til að færa rök fyrir máli sínu. Í samverustundum er lesið aldursvarandi efni, sagðar sögur og ævintýri og sungið. Við ræðum orð og innihald

texta, við klöppum atkvæði og rímum. Við erum með umsjónarmann sem gáir til veðurs og segir hinum börnunum í orði og sýnir myndrænt hvernig veðrið er og eigi að klæðast fyrir útiveruna.

### Hópastarf

Hópleikir og hópastarf eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Í hópi jafnaldra öðlast barn margþætta félagslega reynslu og fær tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér, starfa og deila gleði með öðrum. Í hópastarfi vinna börn og kennarar saman í litlum aldurskiptum hópum með fyrirfram ákveðin verkefni frá kennara. Aðaláherslan hefur verið á þemavinnu tengda námsvísi en á sumrin eru unnin önnur verkefni. Í hópastarfi eru lesnar aldursvarandi bækur, kenndar þulur, vísur og rím og sungin lög sem tengjast þeirri vinnu sem fram fer í hvert skipti. Við gefum



börnum góðan tíma í samræður, vangaveltur og spurningar svo þau þjálfist í samskiptum og í að hlusta. Börn fá hvatningu í að nota mynd- og ritmál. Unnið er með stafróf, tölustafi og form og það haft sýnilegt í rýmum inni. Farið er í leiki og hreyfileiki sem krefjast hlustunar, einbeitingar, þjálfna minni og veita börnum tækifæri til að tjá sig fyrir framan aðra. Einnig fá börnin þjálfun í að segja sögur og ævintýri út frá myndum. Vikulega er farið á bókasafnið. Einu sinni á ári er haldinn fjölmeningardagur í Tálknafjarðarskóla, þá kynnast börnin fjölbreyttri menningu annarra þjóða. Lagt er upp úr að börnin kynnist nánasta umhverfi skólans sem er fjölbreytt, fjara, lækir, móar, tún, skógrækt og vatn og er reglulega farið út fyrir leikskólalóðina í vettvangsferðir.

#### Málrækt

Málrækt fer fram í gegnum allt daglegt starf og einnig er unnið með allskonar verkefni sem miða að því að auka orðaforða, skilning og hæfni barns til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri. Barnið er hvatt til að túlka og tjá sig m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölvur og tákni. Þannig örvast málproski, orðaforði, hugtakaskilningur og málvitund barnsins. Daglega er lesið fyrir börnin eða sagðar sögur, sungnir söngvar og vísur og unnið með hljóðkerfisvitund. Máhlhljóð vikunnar er valið í tengslum við bókina Lubbi finnur máhljóð og unnið með það.

#### Heilbrigði og vellíðan



Í leikskólum fer fram stór hluti af félagsmótun barna, vinna við að rækta sjálfsmyndina og rækta góð samskipti við aðra. Þar gefast líka tækifæri til að efla líkamlega hreysti og móta jákvæð viðhorf barna til útiveru og hreyfingar, heilnæmra lífshátta og hollrar næringar.

#### Matartími

Matartímar hafa mikið uppeldislegt gildi og þar fer fram heilmikið nám. Matartímar í Lækjarbrekku er notalegur tími þar sem tækifæri gefst til samskipta milli starfsmanna og barna. Þar fara fram líflegar samræður um allt á milli himins og jarðar auk þess að tækifæri gefst til að ræða um hollustu. Í Lækjarbrekku er hefðbundin heimilismatur sem er að mestu unnin frá grunni. Stuðst er við handbók Lýðheilsustöðvar um samsetningu matseðla í leikskólum. Tekið er tillit til barna sem þurfa sérþæði og eru vegan.



## Sjálfsbjörg

Starfsmenn Lækjarbrekku hvetja börnin til sjálfshjálpar í því starfi sem fram fer í leikskólanum. Þau eru hvött til að gera sem mest sjálf þegar þau eru að klæða sig í og úr, við matarborðið og á snyrtingunni. Í fataherberginu eru uppi myndrænar leiðbeiningar um viðeigandi útifatnað hverju sinni og börnunum kennt að styðjast við þær. Mikilvægt er að leyfa börnum að gera sem mest sjálf, þannig öðlast þau góða færni í sjálfshjálpar og auk þess að þjálfar gróf- og fínhyringar. Hverju barni er gefinn góður tími til sjálfshjálpar og aðstoð eftir þörfum. Áhersla er á góðar hreinlætisvenjur og starfsmenn meta það eftir aldri og þroska barna hversu mikla aðstoð og eftirfylgni þau þurfa. Almenn snyrtimennska er í fyrirrúmi en lögð er sérstök áhersla á að börn þvoi sér eftir salernisferðir, útvist, fyrir og eftir máltíðir.



## Hreyfing

Hreyfing er barninu eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna. Hreyfiþroski barnsins eflist, úthald og styrkur eykst. Hreyfing þjálfar samhæfingu líkamans og stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan.

## Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Lækjarbrekka er Grænfánaskóli sem er liður í menntun barnanna. Starfið hefur skilað sér út í samfélagið okkar með flokkun á sorpi, vaxandi umhverfisvitund og aukinni hreyfingu og er orðinn hluti af okkar daglega skólstarfi.

### Vettvangsferðir og útivera

Í Lækjarkrekku er lögð mikil áhersla á útiveru og útinám. Á útisvæði leikskólans gefst börnunum tækifæri á frjálsum leik ásamt skipulögðum hópleikjum undir leiðsögn kennara. Útisvæðið býður upp á opinn efnivið þar sem börnin fá notið sín í skapandi leik. Leikskólinn fer reglulega í skiplagðar vettvangsferðir, gönguferðir í nærumhverfinu t.d. í fjöruferð. Vegalengdir ferða miðast við getu og þroska barnanna.



### Sköpun og menning

Sköpun er ein af mikilvægum náms- og þroskaleiðum barna. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Sköpun fléttast inn í öll námssvið leikskólans og er áhersla á að börnin efla sjálfstæð vinnubrögð og skapandi hugsun, geti prófað sig áfram og þjálfað upp færni, tjáð tilfinningar sínar og reynslu, kynnist mismunandi efnivið, kynnist smám því samfélagi sem þau búa í og menningu annarra þjóða. Daglega hafa börnin aðgang að pappír, skriffærum, málningu, skærum, lími, verðlausu efni, leir, kubbum, búningum og tónlist. skólann. Einnig hafa börnin tækifæri til að upplifa menningu samfélagsins með hvers kyns vettvangsferðum, heimsóknnum og fræðslu.

### Jafnrétti

Leikskólastarf á hverjum stað mótast eðlilega af því umhverfi sem það býr við, atvinnu- félags- og menningarlegu. Í kennarar og börn Leikskólinn þarf að fjölskyldugerðar og tilfinningu þess fyrir samfélaginu og séu



leikskóla eru foreldrar, samstarfsaðilar. taka tillit til mismunandi uppruna barnsins og efla því að það tilheyri hluti af því. Áhugi barnsins

á öðrum þjóðum vaknar snemma og ber að efla þann áhuga. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

## Námsumhverfi

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærsumhverfi mynda námsumhverfi leikskóladeildarinnar og börnin læra bæði úti og inni. Áhersla er á að umhverfið sé öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi þar sem bæði börn og fullorðnir finni til öryggis bæði innan veggja skólans og á útileiksvæði.



Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggi og viðbrögð við áföllum hjá fagaðilum. Jafnframt er reglulegt eftirlit með húsnæði skólans og lóð, þar sem stuðst er við Öryggishandbók leikskóla.

Dagskipulagið er ramminn utan um starfið sem fram fer í leikskólanum, úti og inni. Innan dagskipulagsins er leitast við að skapa festu sem veitir börnunum öryggi, skapa jafnvægi á milli skipulagðra stunda og frjáls leiks. Dagskipulagið er sveigjanlegt en fastar skipulagðar stundir ýta undir öryggistilfinningu hjá börnum, að vita hvað er næst á dagskrá.



Við skipulagningu námsumhverfis verður að miða að aldri og þroskaþáttum hvers barns og það þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks. Efniviður þarf að vera fjölbreyttur og til þess fallinn að börn leiti lausna.

## Snemmtæk íhlutun

Í Lækjarbrekku er unnið að snemmtækri íhlutun en það felur m.a. í sér að gripið er sem fyrst inn með aukna þjónustu eða stuðning við barn þegar grunur er um frávík frá eðlilegum þroskaferli. Til þess að fylgjast með þroskaframvindu er stuðst við skimanir eða prófanir frá 15 mánaða aldri og til loka leikskólagöngunnar. Unnið er markvisst út frá niðurstöðum hvers nemenda og honum veitt þjálfun og aðstoð við hæfi auk þess sem samvinna við foreldra er forsenda árangurs. Gripið er strax inn í með viðeigandi íhlutun ef um frávík koma fram í skimunum. Með snemmtækri íhlutun hefur verið sýnt fram á að hægt er að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námsörðugleika með réttu inngripi.

Ef grunur vaknar um að þroski barns víki frá því er telst eðlilegt hefur Lækjarbrekka möguleika á að fá aðstoð sálfræðings, sérkennara eða talmeinafræðings til að kanna hvort sá grunur sé á rökum reistur. Áður en leitað er til þeirra eru lagðir fyrir þeir skimunarlistar eða matstæki sem leikskólinn býr yfir og á grundvelli þeirra er ákveðið í samvinnu við foreldra hvort málinu verði vísað áfram.

Þegar grunur vaknar er strax hafin vinna með foreldrum og barni þar sem útbúin er einstaklingsnámskrá til að mæta þörfum barnsins og barninu sinnt með einstaklingsþjálfun þegar það á við. Einstaklingsnámskrá er ávallt útbúin í samráði við foreldra og tekið er mið af þroska og stöðu barnsins. Þegar einstaklingsnámskrá er útbúin eru eftirfarandi þættir hafðir í huga:

- Teymi í kringum barnið
- Heildaraðstæður barnsins
- Mat á styrkleikum/veikleikum barnsins
- Nám og námsaðstæður – einstaklings/hópkennsla
- Þjálfunarleið sem valin er
- Markmiðaskráning
- Viðeigandi námsefni
- Ítarleg skráning á framvindu og reglulegt endurmat
- Ný markmið sett og unnið að þeim



Foreldrar eru mikilvægur þáttur í einstaklingsáætlun og þjálfun barns. Þeir eru ávallt vel upplýstir um þá vinnu sem fram fer með barni þeirra í Lækjarbrekku. Foreldrar taka lokaákvörðun um hvaða markmiðum skuli vinna að hverju sinni með barni þeirra. Haldnir eru reglulegir teymisfundir þar sem farið er yfir málefni barnsins, á þeim sitja foreldrar ásamt sérkennara, þroskaþjálfara eða deildarstjóra, og starfsfólki leikskólans sem kemur að málefnum barnsins. Eftir atvikum sitja félagsmálastjóri sveitarfélagsins og hjúkrunarfræðingur þessa teymisfundi. Á milli teymisfunda er samskipti leikskóla og foreldra oft í gegnum tölvupóstsamskipti en foreldrar eru jafnframt hvattir til að hafa samband við sérkennara eða þroskaþjálfara um málefni barns síns hvernig og hvenær sem er. Góð og jákvæð samskipti milli

foreldra og starfsfólks leikskólans stuðlar að meira öryggi hjá foreldrum sem skilar sér í meira öryggi og samhæfðum vinnubrögðum í allri þjónustu við barnið. Samvinna fagfólks og fjölskyldu er grundvallaratriði og hefur áhrif á þroska, heilsu og líðan barnsins.

### [Kennsluáðferðir fyrir börn með frávik](#)

Þær óhefðbundnu tjáskiptaleiðir sem hafa verið í notkun í leikskólanum Lækjarbrekku eru TMT (tákn með tali) og PECS-myndræna boðskiptakerfið. Auk þess er sjónrænt skipulag notað til að auðvelda börnum að átta sig á daglegri rútínu og verkefnum. Einnig er notast við atferlisþjálfun sem heildstæða þjálfunaraðferð hjá börnum með miklar þroskaskerðingar.

### [Tákn með tali](#)

Tákn með tali er tjáskiptaleið sem notuð er til að styðja við, og efla talmál. TMT er sambland af táknum, látbragði, svipbrigðum og tali. Táknin eru notuð með talinu. Í stuttum setningum er eitt tákn notað til að undirstrika aðalmerkingu setningarinnar. (dæmi: Barnið segir „ég vil mjólk“ þá gerir barnið tákn fyrir mjólk, því mjólk er aðalatriði þessarar setningar. TMT á alltaf að nota með talmáli. Öll börn á leikskólanum Lækjarbrekku fá sitt eigið tákn þegar þau hefja nám í leikskólanum.

### [PECS – \(picture exchange communication system\)](#)

PECS er boðskiptakerfi fyrir börn/einstaklinga með skerta getu til að nota talmál til að tjá sig. Í upphafi þjálfunar er ekki krafist neinnar undirstöðufærni hjá barninu en með þessari þjálfun er lögð áhersla á þjálfun frumkvæðis til boðskipta. Í PECS þjálfun eru myndir eða önnur tákn notuð til að þjálfva virk boðskipti. Barninu er hjálpað að nota myndirnar til að fá hlut sem það vill fá. Ef barnið vill mjólk að drekka, þá réttir það að fyrra bragði starfsmanni mynd af mjólk/tákni fyrir mjólk og fær mjólk í staðinn. Með aukinni þjálfun getur barnið/einstaklingurinn farið að biðja um flóknari hluti eða aðgerðir. Myndirnar eru ávallt aðgengilegar barninu, þar sem þær koma í staðinn fyrir orð barnsins. Með réttri þjálfun getur barnið myndað setningar og komið skoðunum sínum á framfæri með góðu móti. PECS hjálpar barninu að gera sig skiljanlegt og hver sem er getur skilið barnið þar sem myndirnar eru auðþekkjanlegar. Með því að nota PECS aukum við öryggi barnsins og barnið verður í betra jafnvægi þar sem það hefur leið til að tjá sig.

### [Sjónrænt skipulag](#)

Sjónrænt skipulag er einn þáttur úr þjálfunarleiðinni TEACCH (Treatment and Education of Autistic and Related Communication Handicapped Children). Með sjónrænu skipulagi eru



reglur og dagskrá dagsins/vikunnar útlistuð með myndum sem auðvelda barni að átta sig á því sem verið er að óska efir frá þeim. Það hefur verið sýnt fram á að fyrir suma einstaklinga eru myndrænar reglur áhrifameiri en töluð orð, þá sér í lagi hjá börnum með ADHD, alvarlega málhömlun eða einhverfurófsröskun. Töluð orð eiga það til að hverfa um leið og þau hafa verið sögð en myndræna vísbendingin er enn til staðar og verður það uns viðkomandi athöfn klárast og hjálpar viðkomandi að átta sig á til hvers er ætlast af þeim. Mikilvægt er að nota sjónrænt skipulag í einstaklingsmiðaðri þjálfun og nota myndir og þjálfunatriði út frá styrkleikum/veikleikum og stöðu barns í þroska. Fyrir sum börn dugar að hafa heildræna myndræna dagskrá, en fyrir önnur börn þarf að búa verkefnið niður í smærri myndrænar einingar og allt er það gert út frá getu barns. Gott er að leikskóli og heimili sameinist um að vinna að heildstæðu sjónrænu skipulagi fyrir barnið. Með því móti er barnið öruggara í aðstæðum sínum þar sem aðferðir eru samskonar bæði í leikskólanum og heima fyrir.

#### Heildstæð atferlisþjálfun

Atferlisþjálfun er önnur viðurkenndra þjálfunarleiða sem Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins samþykkir. Atferlisþjálfun er markviss og árangursrík leið til að hafa áhrif á hegðun ásamt því að byggja upp margvíslega færni hjá börnum. Að nota atferlisþjálfun með börnum með einhverfu reynist oft og tíðum mjög vel en atferlisþjálfun er gagnreynd. Í atferlisþjálfun geta markmiðasetningar og einstaklingsnámsskrár verið mjög ítarlegar og auðvelt er að halda utan um framfarir hjá barninu með öflugum skráningarkerfi til dæmis út frá ABLLS-R matslistanum sem metur hegðun, virkni, þekkingu, þroska og getu út frá fjórum megin þeimum. Unnið er að markmiðum í samráði við foreldra. Mikilvægt er þó að taka mið af styrkleikum barnsins og áhugasviði þess þegar valin eru markmið. Atferlisþjálfun er bein kennsla. Yfirleitt eru athafnir og leikir brotin niður í lítil skref, sem eru kennd á kerfisbundin hátt og smátt og smátt eru þau tengd saman í lengri og flóknari athafnir. Atferlisþjálfun snýst að miklu leiti um að hrósa og styrkja rétta hegðun. Ekki er refsað fyrir mistök, einungis hrósað fyrir rétta hegðun.

Hrós og styrkir geta verið eins mismunandi og börnin eru mörg. Sumum börnum nægir að láta blása sápukúlur fyrir sig á meðan önnur börn fá umbun í formi leikja í Ipad og allt þar á milli. Mikilvægt er að byrja á því að finna góða styrki til að geta umbunað vel í upphafi þjálfunar. Þannig lærir barnið að ef það gerir rétt þá fær það eftirsóknarverð verðlaun.

## Sérfræðiþjónusta

Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með málefnum einstakra barna. Stoðþjónustan tekur annars vegar til stuðnings við börn og foreldra þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi skólans og starfsfólk þess. Sérkennslustjóri sér um að senda tilvísun til sálfræðings eða talmeinafræðings hjá Tröppu ehf. í samstarfi við foreldra. Foreldrar geta líka að eigin frumkvæði óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Deildarstjóri sérkennslu samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðiþjónustunni skv. 21. gr. laga um leikskóla.

Sálfræðingur heimsækir Lækjarbrekku að 5-6 skipti yfir skólaárið. Þá fá börn á Lækjarbrekku talþjálfun í gegnum Karaconnect fjarfundarbúnaðinn á vegum Tröppu. Talmeinafræðingar hitta skjólstæðinga sína einu sinni í viku, eða eins oft og um hefðbundna þjálfun væri að ráða, í því umhverfi sem barnið er öruggt í. Proskapjálfi eða deildarstjóri situr alla jafna þjálfunartímana og getur fylgt þjálfun eftir aðra daga vikunnar.

## Mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðu matsins. Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti skólans og tengist markmiðum hans og áætlunum.

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt og annars vegar er um að ræða mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.



## Sjálfsmat – Innra mat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati skal taka mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Sjálfsmat gerir starfsfólki auðveldara að vinna að markmiðum leikskólans. Sjálfsmat er notað til að þróa og bæta starfið og til að meta hvort þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér hafi náðst. Sjálfsmat er unnið af starfsmönnum leikskólans. Einnig eru starfsmannafundir, deildarstjórafundir, deildarfundir og skipulagsdagar m.a. notaðir til að meta starfið.

## Mat á stöðu leikskólabarna

Í leikskólanum er fylgst með alhliða þroska barna, námi og velferð. Til að meta framfarir hvers barns safnar leikskólinn verkum og ljósmyndum hvers barns í ferilmöppu. Hvert barn á sína



möppu sem fylgir því öll árin þess í leikskólanum. Þar má fylgjast með þróun barnsins í gegnum verk þess og ljósmyndir. Þegar börnin hætta eða útskrifast úr leikskólanum fá þau ferilmöppur sínar afhentar.

Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu á börnum sínum, styrkleika þeirra og áhuga og eiga að taka þátt í mati á líðan þeirra og námi. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn.

Þau skimunartæki sem Lækjarbrekka notar í starfi sínu fyrir öll börn eru *TRAS 2 – 5 ára*, *Orðaskil 3 ára*, og *Hljóm-* 2 fyrir 5 ára. Ef skoða þarf barn nánar eru fleiri matstæki tekin inn fyrir það tiltekna barn.

## TRAS – skráning á málþroska ungra barna

TRAS er samið af sérfræðingum í Noregi. Það þótti vanta hnitmiðað og marktækt tæki til að fylgjast með málþroska barna í daglegu leikskólastarfi. Efnið er ætlað til að aðstoða fagfólk á leikskólum til að skipuleggja, á markvissan hátt, málörvun í starfi leikskólans. Markmiðið með notkun TRAS er að fagfólk fái yfirsýn yfir málþroskaframvindu barnanna í skólanum. Mælt er með að skráning fari fyrst fram við 2 ára aldur og síðan tvisvar á ári, með sex mánaða millibili þar til barn nær 5 ára aldri.

Skráning er í höndum leikskólastarfsmanns sem lokið hefur réttindanámskeiði.

## Orðaskil – Málþroskapróf

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum **eins og hálf til þriggja ára**. Prófinu er ætlað til að mæla orðaforða barna og hvort þau hafi náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Með samanburði er hægt að finna hvort orðaforði barna falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.

Prófið er fyllt út af foreldrum barns og niðurstöður unnar af leikskólastarfsmanni.

### Hljóm-2

Með fyrirlögn þessa prófs er hljóð- og málvitund elstu leikskólabarnanna metin. Matið fer fram að hausti. Með niðurstöðurnar til hliðsjónar er hægt að spá fyrir um lestrarfærni hjá börnum þegar þau fara upp á næsta skólastig. Þar af leiðandi er hægt að grípa snemma inn í ef þörf þykir. Þeir þættir sem eru metnir í Hljóm-2 eru: Rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging. Niðurstöðurnar eru flokkaðar eftir góðri færni, meðal færni, slakri færni og mjög slakri færni. Unnið er með börnunum út frá þeim þáttum sem þarf að bæta og þau eru endurmetin að vori.

Leikskólastarfsmaður sem lokið hefur réttindanámskeiði leggur prófið fyrir nemendum.

### Ytra mat

Menntamálaráðuneytið vinnur, samkvæmt lögum um leikskóla, skipulagt ytra mat a.m.k. í einum leikskóla á ári. Rekstraraðili leikskóla getur einnig óskað eftir að fá framkvæmt slíkt mat. Mati er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.

## Fjölskyldan og leikskólinn

### Foreldrasamstarf

Í leikskólanum Lækjarbrekku er lagt upp úr opnum og traustum samskiptum í foreldrasamstarfi. Dyr skólans standa alltaf opnar fyrir foreldrum til samráðs og samvinnu um barnið.

Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins eru okkur mikilvæg varðandi heildarsýn á velferð og líðan barnanna. Starfsmenn Lækjarbrekku fagna fjölbreytileikanum í víðum skilningi þess orðs. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. Í





viðtali við deildarstjóra fá foreldrar tækifæri til þess að kynnst starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans áður en aðlögun hefst auk þess að veita upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Farið er með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál. Í upphafi leikskólagöngu barns fær það góðan tíma til að aðlagast leikskólanum, umhverfi hans og starfsfólki. Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar leikskólans og er mikilvægt að koma þeim skilaboðum á framfæri við upphaf leikskólagöngu barnsins.

### Upphaf leikskólagöngu



Áður en aðlögunartímabil hefst, eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í móttökusamtal hjá deildarstjóra viðeigandi deildar og leikskólastjóra eða sérkennslustjóra. Tilgangur samtalsins er m.a. að fá upplýsingar um barnið, fjölskyldusögu, matarvenjur, trúarbrögð og málþroska sem og að kynna starfsemi leikskólans fyrir foreldrum. Upplýsingarnar eru nýttar til undirbúnings fyrir komu barnsins svo mögulegt sé að gera viðeigandi ráðstafanir svo aðlögun barnsins verði sem best. Á þessum tímapunkti fá foreldrar einnig að vita hvaða starfsmaður sér um aðlögun barnsins.

Foreldrar fá kynningu á starfi skólans, skipulagi, helstu viðburðum og þeim aðferðum sem skólinn styðst við til að fylgjast með þroska og líðan barnanna. Kynntar eru helstu skimanir og prófanir sem gerðar eru í leikskólanum og foreldrar upplýstir hvernig niðurstöður eru kynntar þegar þar að kemur. Að auki er foreldrum kynnt sérfræðiþjónusta skólans sem býður upp á þjónustu talmeinafræðinga og sálfræðinga. Foreldrar eru upplýstir um hvernig er best að hafa samband við starfsfólk leikskólans og hvattir til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni.

### Foreldrasamstarf og samskipti milli leikskóla og heimilis

Traust og jákvæð samskipti milli heimilis og skóla eru forsenda fyrir árangursríkri dvöl og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólastarfið viðbót við það uppeldi sem fram fer á heimilum barnanna. Mikilvægt er að báðir aðilar séu í gagnvirkum samskiptum um líðan og framfarir barnsins og upplýsingar fari á milli um hvað barnið er búið að aðhafast að yfir daginn.

Sýnt hefur verið fram á að góð og jákvæð samskipti á milli foreldra og starfsfólks leikskóla stuðla að betra jafnvægi hjá börnunum. Öflug og jákvæð samskipti og samstarf á milli foreldra og starfsfólks leikskóla stuðla einnig að því að foreldrar hafa betra verkfæri í höndunum til að



hafa áhrif á leikskólastarfið, þá er auðveldara að skiptast á hugmyndum, koma upplýsingum á framfæri og viðhafa góð og jákvæð samskipti.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er tekið fram að leikskólastjóri eigi að stuðla að samstarfi á milli foreldra og starfsmanna leikskólans og er vel að því staðið á leikskólanum Lækjarbrekku. Margt er hægt að gera til að viðhafa góð og regluleg samskipti foreldra og leikskóla og yfir skólaárið eru haldnir nokkrir viðburðir í, eða tengdir leikskólanum þar sem foreldrar og fjölskyldur leikskólabarna eru boðin sérstaklega velkomin.

### Foreldrafundir, samtöl og viðburðir

Í upphafi vetrar er haldinn foreldrafundur þar sem foreldrar allra leikskólabarna eru boðaðir. Foreldrar eru boðaðir í foreldraviðtöl í leikskólann tvisvar sinnum yfir starfsárið. Foreldrar og systkini eru boðin velkomin í leikskólann að taka þátt í Vanessuhátíð, sem er hátíð haldin til heiðurs Vanessu, styrktarbarni leikskólans. Foreldrar og systkini eru velkomin að taka þátt í jólaföndri í leikskólanum og farið er á kaffihús í nágrenninu þar sem boðið er upp á kakó og piparkökur. Sérstakt ömmu og afakaffi er haldið í leikskólanum þar sem ömmum og öfum og eldri borgurum er boðið í heimsókn. Á degi leikskólans er foreldrum boðið í morgunmat með börnunum í leikskólanum. Á vorin er útskrift elstu barnanna úr leikskólanum og er í sama tilefni leiðinni opnuð listasýning í leikskólanum. Þar er foreldrum og systkinum að sjálfsögðu boðið að koma og vera viðstödd. Í síðustu viku leikskólaársins er svo Grillhátíð þar sem foreldrum og systkinum barna er boðið til veislu og almennra skemmtihalda. Auk þessara viðburða eru foreldrar ávallt velkomnir í heimsókn til að fylgjast með leikskólastarfi eða til að hitta leikskólastarfsfólk til að ræða málin. Foreldrar eru láttnir vita að starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.

### Foreldrafélag og foreldraráð

Í Lækjarbrekku er starfandi foreldrafélag. Markmið þess er að styðja við leikskólastarfið og eru foreldrar hvattir til að taka virkan þátt í því mikilvæga starfi sem því fylgir. Foreldrafélagið stendur meðal annars að ýmsum viðburðum sem eiga sér stað á skólaárinu. Einnig er starfandi foreldraráð en samkvæmt lögum um leikskóla skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að stofnun þess og kosningu í ráðið. Hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Fylgjast með framkvæmd áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Þá hefur leikskólaráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

## Tengsl skólastiga

Í lögum og Aðalnámskrám bæði leik- og grunnskóla er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli koma á samstarfi milli skólastiganna.

Markmið samstarfs skólastiga er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og skapa



þannig samfellu í námi barnsins, frá einu skólastigi til annars. Að brúa bilið milli þessara tveggja skólastiga er líka samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Starfshættir og umhverfi í leik- og grunnskólum eru um margt ólíkt. Þess vegna eru breytingar oft miklar fyrir börn þegar þau fara úr leik- og yfir í grunnskóla. Til þess að auðvelda þennan flutning frá leikskóla yfir í grunnskóla er samráðsfundur skólastjóra og deildarstjórum leikskóla og sérkennslu og umsjónarkennara í Þar er farið yfir niðurstöður skimana/prófana sem lögð hafa verið vegna barnanna. Á seinasta ári sínu í leikskólanum fara börnin í a.m.k. 30 kennslustundir í grunnskólanum ásamt deildarstjóra sínum frá leikskólanum. Fyrirkomulagið hefur verið misjafnt en oftast er skipt í þrjár lotur. Fyrsta lotan er 7 dagar, 1 – 2 kennslustundir í senn, þar hitta börnin tilvonandi umsjónarkennara sinn og vinna verkefni með honum. Önnur lota er 3 dagar og 3 kennslustundir með umsjónarkennara og nemendum 1 og 2. bekkjar. Í þriðju lotu eru börnin allan skóladaginn í grunnskólanum í 2 daga, 6 klst. hvort skipti.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og auðveldar börnunum við þessa færslu á milli skólastiga. Síðastliðin tvö ár höfum við enn frekar eftt samstarfið og heimsóknirnar í grunnskólann, íþróttahúsið og frístund orðið mikið fleiri til að auðvelda yfirfærsluna enn frekar. Þetta hefur gefist einstaklega vel og þegar kemur að þeim tímamótum í lífi leikskolabarnsins að færast á milli skólastiga kemur barnið af öryggi og gleði inn í sinn fyrsta grunnskóladag enda gjörþekkir barnið þær aðstæður sem tilheyra því í grunnskólanum.

## Skil á milli leikskóla

Þegar barn flyst frá Lækjarbrekku í annan leikskóla fylgja því allar upplýsingar um greiningar, skimanir, einstaklingsáætlanir auk almennra upplýsingar um líðan barnsins, styrkleika og veikleika. Þetta er til þess að nýr leikskóli geti tekið vel á móti barninu og eykur líkur á því að það starf sem er í gangi yfirfærast á sem bestan hátt. Það ætti að leiða til þess að viðkomandi barn verði öruggara og sáttara við flutning á milli staða. Einnig aukast líkurnar á því að barnið fái kennslu og þjónustu við hæfi í nýjum leikskóla.

